

## Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

### Smásöluverslun minnkaði í mars

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 16,6% á föstu verðlagi í mars miðað við sama mánuð árið áður en jókst um 8,6% á breytilegu verðlagi á sama tíma. Velta í dagvöruverslun á föstu verðlagi hefur aldrei áður dregist svo mikið saman á milli ára frá því að farið var að birta smásöluvísitöluna árið 2001. Ástæðuna fyrir samdrættinum má að einhverju leyti rekja til þess að í fyrra voru páskar í mars en eru í apríl á þessu ári, en meiru skiptir að stöðugur samdráttur hefur verið í dagvöruverslun frá því í ágúst á síðasta ári. Verð á dagvöru hækkaði um 30,1% frá mars í fyrra.

Sala á áfengi dróst saman um 18,9% í mars miðað við sama mánuð árið áður á föstu verðlagi en jókst um 5,4% á breytilegu verðlagi. Verð á áfengi hækkaði um 30% í mars síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra samkvæmt verðmælingu Hagstofu Íslands.

Velta fataverslunar var 21,6% minni í mars á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og minnkaði um 0,4% á breytilegu verðlagi á sama tímabili. Verð á fötum hækkaði um 27,1% á einu ári.

Heldur minni samdráttur var í skóverslun. Þannig minnkaði velta skóverslunar um 5,8% í mars á föstu verðlagi en jókst um 14,6% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Verð á skóm hækkaði um 21,6% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Í janúar minnkaði velta í húsgagnaverslun um 54,7% á föstu verðlagi miðað við mars í fyrra og um 41,1% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur hækkað um 29,8% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Svipaður samdráttur var í raftækjaverslun og í síðasta mánuði miðað við árið áður. Þannig dróst sala saman um 50,6% á föstu verðlagi og um 27% á breytilegu verðlagi.

mar.09	Breytilegt verðlag		Fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	8,8%	8,6%	9,5%	-16,6%
Áfengi	0,2%	5,4%	0,7%	-18,9%
Föt	11,6%	-0,4%	5,6%	-21,6%
Skór	17,6%	14,6%	13,2%	-5,8%
Húsgögn	0,5%	-41,1%	-0,9%	-54,7%
Raftæki	31,2%	-27,0%	31,3%	-50,6%


## Verðlag og neysla

Greinilegt er á samdrætti í smásöluverslun að einkaneysla dregst hratt saman. Það er fyrst og fremst í sérvöruverslun að samdrátturinn er merkjanlegur. Bæði í húsgagnaverslun og raftækjaverslun varð um helmingssamdráttur á milli ára. Ef til vill má að einhverju leyti rekja þetta til þess að páskar og fermingar voru í mars í fyrra en mánuði síðar núna, en páskamánuðurinn hefur ávallt örvandi áhrif á verslun. Á hitt er að líta að stöðugur samdrátturinn hefur verið í verslun frá haustmánuðum, eða síðan bankahrunið varð.

Það er til marks um þann mikla samdrátt sem varð í dagvöruverslun í mars síðastliðnum að veltan var minni en bæði í mars á síðasta ári og árið þar áður. Þannig þarf að leita til mars 2006 til að sjá minni veltu í þeim mánuði.

Aðrar vísbendingar um samdrátt í verslun eru meðal annars þær að kreditkortanotkun dróst saman um 14,1% í janúar-febrúar síðastliðnum miðað við sömu mánuði í fyrra. Þá rýrnaði kaupmáttur um 9,3% í febrúar síðastliðnum miðað við febrúar í fyrra.

Eins og kemur fram á skýringarmyndinni hér að neðan var veltuvisitala dagvöruverslunar á föstu verðlagi og leiðrétt fyrir daga- og árstíðarbundnum þáttum í mars mun lægri en í fyrra og árið þar áður.



Nánari upplýsingar veita Kári Joensen ([kari@bifrost.is](mailto:kari@bifrost.is)) og Emil B. Karlsson ([emil@bifrost.is](mailto:emil@bifrost.is)), forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar í síma 822 1203